

86

	Flutt:	306	42
3. Bókavarðarlaun		50	00
4. Annar kostnaður		44	62
5. Í sjóði hjá gjaldkera		60	84
		461	88

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 9. maí 1894.

J. Havsteen.

87

Reglugjörð

fyrir

Norður-Pingeyjarsýslu austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa.

Amtsráðið í Austuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkæmt lögum 22. mars 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, sbr. lög 24. nóv. 1893 um breyting á 3. gr. nefndra laga, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi reglugjörð fyrir Norður-Pingeyjarsýslu, austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa, sem samin er af sýslunefndinni í í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1895.

I. Kaffi.

Um fjallskil o. fl.

1. gr.

Norður-Pingeyjarsýsla, austan Jökulsár, er eitt fjallskilafjellag og er hver hreppur deild út af fyrir sig, sem aptur skiptist, þar sem þörf gjörist, í smærri deildir, eptir því sem landi og vatnsföllum hagar. Hreppsnefndirnar skipta hver sínum hreppi eptir samkomulagi hreppsúa í þessar smærri deildir og skal rita þær með tölu og ummerkjum í fjallskilabók hreppsins.

2. gr.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi samkvæmt tilsk. 4. maí 1872, en hreppsnefndirnar hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum á hendi innbyrðis í deildunum.

3. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir uppástungum hreppsnefndanna, enda komi þær eigi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar.

4. gr.

Hver hreppsnefnd ákveður í sínum hrepp takmörkin á milli afrjetta og heimalanda, eptir að hún hefur borið sig saman um það við landeigendur og aðra, er hlut eiga að máli. — Verði ágreiningur millum hreppsnefndar og hlutadeiganda í tjeðu efni, skal leggja málið undir sýslunefndina til endilegs úrskurðar. — Síðan semur sýslunefndin skrá yfir allar afrjettir í sýslunni með

tölu og ummerkjum, og sömuleiðis yfir allar fjárrjettir sýslunnar. Skal í skrá þessari tekið fram, undir hvert hreppsfjelag hver afrjettur heyrir og hverjar afrjettir og heimalönd ganga skal að hverri rjett. Skal síðan rita skrána í fjallskilabók hvers hrepps.

87

5. gr.

Hver búandi, sem á 10 geldkindur eldri enn lömb, er skyldur að reka þær á afrjett. Haldi hann hjú eða húsmenn, sem fje eiga, telst það með hans fje. Eigi einhver færri geldkindur, en nú var mælt, er honum vítalaust, þó hann reki þær með lömbum sínum og teljast þær þá með þeim. Brjóti nokkur hjer á móti, varðar það sektum sem fyrir gangnarof.

6. gr.

Allt geldfje skal á afrjett komið, þegar 8 vikur eru af sumri, nema ótið eða gróðurleysi banni, og lömb og dilkær viku eptir fráfarur. Reka skal á miðjan afrjett, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðru vísi ákveðið.

7. gr.

Nú gengur fje á sumrum úr afrjetti og í búfjárhaga manna; skulu þá búendur, þeir er lönd eiga að afrjetti, kveðja granna sína, þá er næstir búa, til að hreinsa land með sjer, og reka fje aptur á afrjett. Svo skulu þeir haga hreinsuninni og rekstri fjársins á afrjett, að fjenu verði ekki mein að. Brjóti nokkur hjer á móti verður hann sekur sem um gangnarof.

8. gr.

Á hverju vori skulu hreppsnefndirnar hver í sínum hrepp gera, eptir að hafa leitað álits hreppsbúa, ákvörðun um það, hvort lömbum skal sleppa í heimalönd, og frá hverjum bæjum.

9. gr.

Nú sleppa sumir lömbum í heimalönd, en sumir ekki, og þykir einhverjum, sem ekki hefur lömb í sínu landi, lömb granna sinna ganga um of í búfjárhaga sína. Má hann þá kveðja þá, er lömbin eiga eða hafa tekið þau í land sitt, til að hreinsa með sjer land sitt og reka þau þangað, sem þau eiga að ganga. Hver sem skorast undan kvöðinni, verður sekur sem um gangnarof.

10. gr.

Fjárrjettir skiptast í aðal-rjettir og auka-rjettir; þá skipting ákveður sýslunefndin eptir uppástungum hreppsnefndanna. Af auka-rjett skal úrtíningsfje reka til þeirrar aðal-rjettar í hreppnum, sem bezt liggur við, og dragast þar upp. Verði þessu ekki við komið, skal það fje ganga, sem aðrir fjárrekstrar, til fjallskilastjóra.

11. gr.

Það er skylda búenda í hverjum hreppi, að byggja fjárrjettir og viðhalda þeim í sameiningu, svo sem þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu eptir því sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er

87 skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi í þeirri aðal-rjett, sem hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti, og eins, þó það gangi að 2 aðal-rjettum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjettum, sem á hann skiptist, eða vanrækir að hafa þar forsvaranlegt dilkrúm, verður sekur sem um gangnarof.

12. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum, eða færa þær af þeirra fyrri stöðum á annan hentugri stað; skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málið undir álit hreppsþúa á næsta vorþingi. Breytingar þær, sem hreppsnefnd því næst gerir á afstöðu eður tölu fjárrjetta, tilkynnir hún sýslu-nefnd, og skulu þær ritaðar í fjallskilabók hvers hrepps. Skyldur er hver að leggja til land undir fjárrjett og hleðsluefni, án endurgjalds, valdi það ekki skemmdum á túni eða engjum.

13. gr.

Þar sem afrjettir eru viðlendir, og hreppsþúum þykir þörf á, skal á sveitarkostnað byggja gangnakofa á hentugum stöðum, svo að gangnamenn geti notið þar húsaskjóls meðan á göngum stendur, og gengst hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir framkvæmd á því.

14. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur á afrjett, er skyldur að gjöra fjallskil á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn sína. Enginn er undanþeginn almenntri fjallskilaskyldu þótt hann hafi sleppt geldfje sínu í heimalönd, annað hvort í óleyfi eða samkvæmt 4. gr.

15. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum undanþágu frá einum eða tvennum göngum.

16. gr.

Nú eiga nekkirir búendur fje sitt á afrjettum annara hreppa en þeir eru búsettir í, og verður að leggja þangað menn í göngur; skulu þeir engu að síður skyldir að hreinsa heimalönd sín og leggja til gangna í sínum hrepp að hálfu leyti við það, er þeim var skylt samkvæmt 14. gr., ef þeir hefðu átt fje sitt á afrjettum hreppsins, nema þeir sanni, að þeir hafi ekki getað fengið afrjett í sínum hrepp, eða að sá afrjettur sje ofhlaðinn; en um það, hve margt fje sá eða sá afrjettur, sem um er að ræða, muni bera til góðra nota, skal hreppsnefndin, ef krafizt verður, láta 3 til kjörna menn gjöra áætlun eptir kunnugleikum og því sem reynzt hefur. Þá er nokkur búandi rekur fje sitt til afrjetta í annan hrepp, en hann er búsettur í, skal hann skyldur að skýra hreppsnefndinni í þeim hreppi frá tölu þess fjár, og er hann skyldur að leggja til fjallskila í þeim hreppi eins og hann væri þar búsettur (sbr. 14. gr.). Vanræki hann að gefa skýrslu þá, sem hjer ræðir um, verður hann sekur sem um gangnarof.

17. gr.

87

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil sem á hann hafa skipzt, eða leggur ógildan mann til fjallskila (sbr. 18. gr.) og er honum það sjálfrátt, þá eru það gangnarof, og varðar það 2—10 kr. sektum í hvert skipti. Sje brotið ítrekað, tvöfaldast sektin; þó má hún aldrei verða hærri en 200 kr.

18. gr.

Sá er gildur til fjallskila, sem er fullra 16 ára að aldri, enda sje hann eigi ófær til þeirra fyrir sakir elli, sjúkdóms, drykkjuskapar, klæðleysis eða annara orsaka. Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforinginn og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða einhverjum þeim handvömmum, sem honum er sjálfum um að kenna, þá skal svo álitið, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það sektum sem fyrir gangnarof.

19. gr.

Prenn fjallskil skulu gjör haust hvert, að minnsta kosti, á þeim tíma, sem venjulegt er og bezt þykir haga í hverri sveit. Því að eins skal gera fleiri fjallskil, að brýn nauðsyn krefji, svo sem að fje vanti af afrjettum venju fremur, fjallskil hafi misheppnast sökum óveðurs og annað þess konar. Nú eru gangnamenn komnir á stað í göngur, og kemur óveður upp á, svo að göngurnar verða að litlu eða engu gagni, og skal þá svo álíta, sem engar göngur hafi verið gjörðar í það skipti.

20. gr.

Nú eru göngur ráðnar og kemur óveður þann dag, sem fara skal, eða næstu daga á undan, svo tvísýnt þykir, hvort göngur megi að gagni verða, nema veðrátta fari batnandi, og skal þá fresta göngum, þar til fært þykir að fara. Nú eru gangnamenn farnir af stað og komnir saman þegar óveður kemur upp á, og vilja sumir fara en sumir ekki, og skal þá atkvæði gangnaforingja ráða úrslitum.

21. gr.

Hver hreppsnefnd skal gjöra áætlun um, hvað marga menn þarf til fjallskila á þá afrjetti, sem hún á yfir að segja. En að teknu vorframtali búenda ár hvert, skal hún semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem fjallskil eiga að gjöra það ár, og hvað hverjum ber til að leggja (sbr. 14. og 16. gr.). Þyki það þá auðsætt, að of liðfátt muni verða, jafnar hreppsnefndin á alla fjallskilaskylda menn í hreppnum, svo miklu aukatillagi til fjallskilanna, sem með þarf, til þess þau verði forsvaranlega gjörð.

22. gr.

Þyki einhverjum sjer gjört hart til í fjallskilum í samanburði við aðra, á hann kost á að kvarta um það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og færa sönnur á mál sitt; vilji nefndin ekki hliðra til, getur hann skotið málinu undir úrskurð hlutaðeigandi sýslunefndar.

23. gr.

Hver hreppsnefnd skal útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrjett, sem hún á yfir að segja, eða fleiri, eptir því sem afrjettir eru viðlendir. Til gangnaforingja skulu útnefnast ekki aðrir en valinkunnir menn, sem eru alþekktir að kunnugleika, dugnaði og trúmennsku. Enginn getur skorazt undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni með læknisvottorði, að hann sje ófær til þess sökum heilsuleysis.

24. gr.

Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngunum nema lögmæt forföll banni, og skipa fyrir um, hvernig þeim skal haga eptir samkomulagi við fjallskilastjóra. Þeir skipa fyrir um, hvað hver gangnamaður skal ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir. Er hver gangnamaður skyldur að sýna þeim fullkomna hlýðni, — enda sje skipnn gangnaforingja forsvaranleg —; en ef út af því ber, skal kæra það fyrir blutaðeigandi hreppsnefnd.

25. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, og komi þangað í tækan tíma, sem og, að vel og gætilega sje farið með fjeð, þegar á rjett er komið, og sje fjallskilastjóri þar eigi sjálfur til staðar, gengur gangnaforingi í hans stað, og skipar fyrir um, hversu fjáðrætti skuli haga o. s. frv. (sbr. 26. gr.) og hefur í því efni sama vald og sömu rjettindi sem fjallskilastjóri.

26. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum flokki til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna í hreppnum, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal vera sjálfur til staðar í þeirri fjárrjett í hreppnum, sem mest þykir um varða. Skipar hann fyrir um, hversu fjáðrætti skal haga í rjettinni, og heldur mönnum til starfa. Hann hirðir úrtíningsfje, sem eptir kann að verða, þá er safnið er dregið upp og heldur því til skila samkvæmt þeim reglum, sem um það eru settar í þessari reglugjörð. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra störf manna í rjettinni. Heimilt er fjallskilastjóra að krefjast þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri sje í rjett til að gæta þar lögreglu. Öll óhlýðni og þrjózka gegn skipunum fjallskilastjóra í fjárrjettum varðar sektum sem fyrir gangnarof.

27. gr.

Hverjum búanda, sem á fje á afrjetti, er skylt, þá er þörf krefur, samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefndar að leggja auk gangnamanns síns einn mann til fjáðráttar í þá fjárrjett, sem hann á sókn að, og skulu þeir menn komnir til rjettar í tæka tíð. Enginn má hverfa frá fjáðrætti eður reka fje burtu af rjett, fyr en safnið er dregið upp, nema fjallskilastjóri (eða gangnaforingi, sbr. 25. gr.) leyfi.

28. gr.

Fjallskilastjóri kveður menn til fjallskila, með umburðarbrjefi 14 dögum

áður en fjallskil byrja. Skal þar tekið fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust, hverjir eru gangnatoringjar, hverjir leggja skulu til sendimenn í aðra hreppa (sbr. 32. gr.); enn fremur hverjir leggja skuli aukamenn í rjettir til fjáðráttar (sbr. 27. gr.). Umburðarbrjef þessi berist sem þingboð.

29. gr.

Búandi hver er skyldur að hreinsa heimalönd sín og búfjárhaga tveim sinnum hvert haust. Hin fyrri hreinsun skal gjörð um sama leyti og fyrstu fjallskil fram fara, og hin síðari, áður en þriðju fjallskilum er lokið.

30. gr.

Hreppsnefndirnar skulu, hver í sínum hreppi, gjöra ákvörðun á vörþingi um hreinsun búfjárhaga og heimalanda. Það skal vera aðalregla, að þeir búendur, sem lönd eiga saman, hreinsi lönd sín í sameiningu á svo stóru svæði, sem hreppsnefndin ákveður, og skal haga hreinsuninni þannig, sem hún skipar fyrir. Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu þá hreppsnefndir þær, sem blut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði. Greini þær á um hreinsunina skal fylgja því, sem flest atkvæði eru fyrir.

31. gr.

Fjársöfn þau, er saman koma við hina fyrri hreinsun heimalanda og búfjárhaga, skulu rekin beinustu leið til þeirra rjetta, sem þau heyra undir, hvort sem heldur eru aukarjettir eða aðalrjettir. En fje það, sem finnst við aðra hreinsun, skal ganga sem aðrir fjárrekstrar. Hvers konar óhlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda varðar sektum sem fyrir gangnarof.

32. gr.

Þar, sem því verður við komið, skulu hreppsnefndir eður fjallskilastjórar næstu hreppa fyrir fram koma sjer saman um, að einn eða fleiri gangnamenn í fyrstu, og ef þörf gjörist, einnig í öðrum göngum, skiptist á þar, sem göngur mætast, og fari með gangnamönnum hins hreppsins, til að hirða þar fje hreppsbúa sinna, og reka heim í sinn hrepp. Verði þessu ekki við komið, skulu fjallskilastjórar, samkvæmt ákvörðunum hreppsnefndanna kveðja svo marga menn, sem með þarf, til að fara í tækan tíma í þær fjárrjettir næstu hreppa, sem þörf krefur, til að taka þar á móti fje hreppsbúa sinna, og reka það tafarlaust heim í sinn hrepp. Sjeu rjettir enn eigi byrjaðar, þá er fjeð kemur í hreppinn, skal fjallskilastjóri hafa gjört ráðstöfun fyrir, hversu með það skal fara. Annarskostar gengur það beinustu leið til þeirrar fjárrjettar í hreppnum, er bezt liggur við, eður og sem aðrir fjárrekstrar, hvert sem betur þykir henta.

Svo skal álita, sem sendimenn þeir, er hjer ræðir um, hafi farið í einar göngur. Rjett er þó hlutaðeigandi hreppsnefnd að veita þeim, er leggja til slíka sendimenn, meiri undanþágu frá fjallgöngum, ef henni virðist ástæða til.

87

33. gr.

Hver maður er skyldur að hirða það fje, sem finnst í heimalöndum og búfjárhögum, eptir að fyrstu hausthreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga nema kvöld sje komið eða óveður, svo að eigi þyki fært að reka fje bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa því hey, unz fært er að reka það. Hver, sem sleppir fjárrekstri, eða á annan hátt vanrækir skyldur þær, sem teknar eru fram í þessari grein, skal sæta sektum frá 5—20 krónum, enda varði eigi brot hans við almenn lög.

34. gr.

Þá er fjallskilum er lokið er hverjum heimilt að gjöra eptirleit í hvern þann afrjett, er hann vill. En í fyrsta sinn skal hver sá, er eptirleit vil gjöra, skýra hlutaðeigandi fjallskilastjóra frá fyrirætlun sinni, og skal þá fjallskilastjóri gjöra annaðhvort, semja við manninn um ákveðna borgun fyrir eptirleitina, upp á væntanlegt endurgjald frá sveitarfjelaginu, eða gefa honum heimild til að fara á egin kostnað.

35. gr.

Nú finnur maður fje á afrjett í eptirleit, og verðleggur hann þá fjeð, en eigandi hefur rjett til að innleysa það, móti því að greiða í fundarlaun helming hins ákveðna verðs fyrir lömb, þriðjung verðs fyrir veturgamalt fje, og dilkær með dilkum, og fjórðung verðs fyrir 2ja vetra sauði og eldri, samt geldar ær.

Nú greinir á um virðingu fjárins, og er þá finnandi skyldur að kaupa fjeð því verði, er hann hefur lagt á það, ella fái hann fundarlaun eptir óvilhallra manna mati.

Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum, eða við smölun fjár, eptir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða nein fundarlaun.

36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða klaufum. Enginn má hafa nema eitt fjármark á fje sínu, nema sýslunefndin leyfi. Yngri menn en 16 ára mega ekki fjármark upptaka nje brúka. Eigi þeir fje, skulu þeir eiga fjármark fedra sinna og einkenni að auk. Skrúð á eyrum og brögð eru einkenni en ekki mörk. Um markrjettindi og sammerkingar fer sem ákveðið er í lögum.

37. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, og skal prenta hana og útbýta í sýslunni og næstu sýslum, svo víða, sem sýslunefndin álitur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark. eður breyta sínu eldra marki, skal

Reglugjörð

87

tyrir

Norður-Pingeyjarsýslu austan Jökulsár um fjallskil og eyðing refa. (Framh.)

hann þá senda hlutaðeigandi hreppsnefndum markið, sem skulu skyldar að innfæra það í markaskrána. Vanræki hann þetta, og sje honum það sjálfrátt, skal farið með fje það, sem óskilafje. Sama gildir um þá, sem flytja inn í fjallskilafjelagið.

38. gr.

Ef fje kemur fyrir í fjárrjettum eða heimalöndum, sem ekki finnst eigandi að, þá gengur það til fjallskilastjóra, og hirðir hann það sem sitt fje. Skal hann þá tafarlaust senda lýsing af því fje til næstu fjallskilastjóra, og svo langt sem hann fær því viðkomið. Nú leiða eigendur sig að sumu fjenu, en sumu ekki, og skal þá það, sem óutgengið er að næstu veturnóttum, seljast á lögmætu sölupingi. Því fje, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í einu næst prentuðu blaði með mörkum, lit, aldri og einkennum. Hafi enginn leitt sig eiganda að fjenu að missiri liðnu, frá því auglýsing um það kom út í blaðinu, fellur verðið í hlutaðeigandi sveitarstjóð, að fráðregnum öllum kostnaði. Með afeyrðar kindur og ormjetnar, eða sje mark svo skemmt að því verði ekki lýst, skal fara sem annað óskilafje. Sömuleiðis með ómerkinga ef ær ekki helga sjer þá eða eigendur leiða sig að þeim á annan hátt.

39. gr.

Nú ætlar einhver að hann muni eiga kind sem er ómörkuð eða afeyrð eða ormjetin, og fer hann þá til þess fjallskilastjóra, sem hlut á að máli og lýsir fyrir honum þeim einkennum, sem hann hyggur vera á kindinni; þyki fjallskilastjóra ekki nægilega upplýst að kindin sje hans eign, verður hann að leita dóms og laga til að sanna eignarrjett sinn.

40. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita auk þess, sem áður er tilgreint (sbr. 1. 4. og 12. gr.) allar þær ákvarðanir, sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamál-efni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. Kaffi.

Um eyðing refa.

41. gr.

Hreppsnefndirnar hafa alla stjórn og umsjón með eyðingu refa, hver í sínum hreppi, en kjósa mega þær einn mann úr sínum flokki, til að hafa á hendi alla framkvæmd þeirra, og kallast hann refaveiðastjóri.

42. gr.

Skyldur er hver ábúandi að leita að grenjum í búfjárhögum og heimalandi ábýlisjarðar sinnar endurgjaldslaust. Refaveiðastjóri lætur leita að grenj-

25. dag októbermán. 1894.

87 um í afrjettum og kveður til þess svo marga menn, sem hann álitur með þurfa í hvert skipti, og er hver sá, sem gjöra á fjallskil, skyldur að leggja mann til þess, eptir ákvæðum refaveiðastjóra, nema sjerleg forföll banni, en borgun skulu þeir fá, þó eigi yfir 2 krónur fyrir daginn. Leitirnar skulu framfara að minnsta kosti einu sinni á vori á tímabilinu frá 4—8 vikur af sumri, eptir fyrirmælum refaveiðastjórans. Hann skipar formann fyrir hverja leit, og eru leitarmenn skyldir að hlýða honum í öllu því, er að leitinni lýtur.

43. gr.

Til að eyða refum skal einkum viðhafa eitrun með strychnin, og skal einkum nota fugla í heilu líki og egg til eitrunar.

44. gr.

Hreppnefndin skal sjá um að ávallt sje nægilegt eitur til í hreppnum. Skal hún kjósa 1 mann eða fleiri, eptir því sem þörf krefur, til þess að eittra agn það, sem út er borið. Skulu þessir menn eiðsvarnir til tryggingar því, að þeir einir hafi eitrið undið höndum, svo að ekki verði skaði að. Þessir menn leggi til agn til eitrunar móti endurgjaldi fyrir það og fyrirhöfn sína af hrepps-sjóði, samkvæmt reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

45. gr.

Nú finnst gren í búfjárhögum er refar hafa lagzt í, og skal sá, er það hefur fundið þegar tilkynna það ábúanda þeirrar jarðar, er það heyrir til, og skal hann tafarlaust sækja útburið á grenið til þeirra manna, er eitrunina hafa á hendi, og bera hann út á grenið svo fljótt sem því verður við komið.

46. gr.

Við leitun grenja á afrjettum skulu leitarmenn, að svo miklu leyti sem því verður viðkomið, hafa með sjer eittrað agn, eptir því sem refaveiðastjóri ákveður nægilegt, til að bera á þau gren, er þar finnast kynnu, hvort refar eru í þeim eða ekki.

47. gr.

Um eitrun á öðrum árstíma skipar hreppsnefndin fyrir, eptir því sem hún álitur að með þurfi og að beztu haldi komi, og ber að hlýða fyrirmælum hennar í því efni.

48. gr.

Enginn getur skorast undan að vera eitrunarmaður, og hafa þann starfa á hendi í 3 ár í senn móti endurgjaldi sbr. 44. gr.

49. gr.

Um borgun fyrir eyðing refa á annan hátt en til er tekið í reglugjörð þessari, skal fara eptir því, sem viðkomandi hreppsnefnd álitur hæfilegt, og ákveður hún slíka borgun í hvert skipti eptir atvikum.

50. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa skal greiðast úr sveitarsjóði.

51. gr.

Hver hreppsnefnd hefur sjerstaka refaveiðabók, og skal rita í hana reikninga þá, sem nefndir eru í þessari reglugjörð, yfir allan kostnað við eyð-

ingu refa, þá er þeir hafa verið rannsakaðir og samþykktir af hlutaðeigandi hreppsnefnd. 87

51. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál sbr. lög 22. marz 1890.

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði 14. ágúst 1894.

<i>Kl. Jónsson</i>	<i>Þorgr. Þórðarson.</i>	<i>Árni Jónsson.</i>
settur.	<i>Sigurður Einarsson.</i>	<i>Árni Kristjánsson.</i>

Reikningur

88

yfir tekjur og gjöld kirkjusjóðs Íslands frá 1. júlí 1891
til 31. desbr. 1893.

Tekjur:

1. Innborgað kirknafje	24758 78
2. Endurborgað lánsfje	620 66
3. Vextir:	
a, af láni Lágafellskirkju til $^{11}/_6$ 1892	5 33
b, — kirknalánum til $^{11}/_6$ 1893	510 91
c, bankavextir, $^{31}/_{12}$ '91, $^{31}/_{12}$ '92 og $^{31}/_{12}$ '93	272 24
	788 48
	Samtals kr. 26167 92

Eignir kirkna $^{31}/_{12}$ 1893:

1. Innborgaður höfuðstóll (kirknasjóðir)	24758 78
2. Vextir af fje þessu frá $^{1}/_7$ '91— $^{31}/_{12}$ '93	788 48
	kr. 25547 26
÷ Frádregst gjaldl. 1. og 2.	— 19 40
	Eptir kr. 25527 86

Gjöld:

1. Samkvæmt athugasemd á fylgiskj. A. færast til útgjalda	13 60
2. Ýmisleg útgjöld	5 80
3. Til jafnaðar móts við tekjulið 2.	620 66
4. Ógoldnir vextir til $^{11}/_6$ 1893	72 09
5. Lánað kirkjum og í útláni hjá 4 privatmönnum	15319 34
6. Á vöxtum í landsbankanum	10136 43
	Samtals kr. 26167 92

Eign kirkjusjóðsins $^{31}/_{12}$ 1893.

1. Veðskuldabréf kirkna og einstakra manna	15319 34
2. Vaxtafje í landsbankanum	10136 43
3. Vaxtaskuldir til $^{11}/_6$ 1893	72 09
	Samtals kr. 25527 86

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík, 14. júlí 1894.

Kristján Jónsson, *Hallgr. Sveinsson.*
settur.